

Hrafn Magnússon:

## Kærar þakkir Ottó !

Almannatryggingakerfi nútímans má rekja aftur til 19. aldar en þá beitti Ottó van Bismarck Þýskalandskanslari sér fyrir því að komið var á í landinu félagslegt lífskjaratryggingu fyrir verkafólk. Kerfið átti að tryggja öryggi þegnanna í lífsbaráttunni og auka réttlæti í skiptingu lífskjara og tækifæra. Í raun var um að ræða þrens konar löggjöf, sem Bismarck setti. Í fyrsta lagi lög um heilbrigðistryggingar 1883, þá lög um slysatryggingar 1884 og að síðustu lög um almannatryggingar sem sett voru árið 1889.

Mörgum kann að þykja merkilegt að Bismarck, sem var talinn íhaldsmaður og hernaðarsinni, skyldi beita sér fyrir sérstökum lögum um almannatryggingar.

Hver var ástæðan hjá Bismarck að koma á slíkri löggjöf í Þýskalandi og á undan öðrum þjóðum? Áður en leitast verður við að svar þeirri spurningu, þá fyrst þetta um manninn sjálfan.



### Hver var þessi Bismarck?

Otto von Bismarck, fursti og hertogi af Lauenburg, kallaður járnkanslarinn, (1. apríl 1815 – 30. júlí 1898) var þýskur eða öllu heldur prússneskur stjórnmálamaður. Hann var forsætisráðherra Prússlands á árunum 1862–1890 og skipulagði sameiningu Þýskalands árið 1871. Bismarck var kanslari Norður-Þýska ríkjabandalagsins frá 1867 og svo kanslari sameinaðs Þýskalands frá 1871 til 1890.

Bismarck lagði megin áherslu á réttarfar og efnahagsmál, en auk þess efldi hann prússneska herinn til muna. Stríð Prússa við Dani hófst árið 1864. Þar fékk Bismarck Austurríkismenn til liðs við sig.

Prússar og Austurríkismenn unnu stríðið auðveldlega og fengu því hertogadæmin Slésvík og Holstein í hendurnar. Margir lesendur muna eftir dönsku myndinni „1864“ sem fjallaði um þetta stríð Dana við Prússa og Austurríkismenn og sýnd var í ríkissjónvarpinu á s.l. vetri.

Bismarck tók einnig þátt í stríðsrekstri gegn Austurríkismönnum og Frökkum og var sigursæll með afbrigðum. En það voru fleiri hliðar á Bismarck sem nú skal vikið að.

### **Margar hliðar á Bismarck**

Margir telja að Þýskaland hafi á þessum tíma verið mótað að landsföðurhyggju (paternalism), þar sem það var álitin skylda ríkisins að tryggja hag allra stétta í gegnum lagasetningu sem tryggja ætti réttindi þeirra. En meira kom til. Bismarck var þrátt fyrir allt meiri raunsæisstjórnmalamaður (realpolitiker) en dæmigerður íhaldsmaður af gamla skólanum, sem vildi halda í gamlar hefðir og með það kjörorð að hver væri sjálfum sér næstur. Ástæðan fyrir þessu félagslega frumkvæði Bismarck í löggjöf um almannatryggingar, eigum við að segja sinnaskiptum, má ekki síst rekja til þess að hann vildi gera betur fyrir alþýðuna en vinstri menn og grafa þannig undan fylgi sósíalista á sambandsþinginu. enda reyndi Bismarck mjög að draga úr áhrifum vinstri manna meðal verkalýðsins. Í umræðum á þýska sambandsþinginu sagði Bismarck m.a.: „Þið getið kallað þetta sósíalisma, ef ykkur þóknast. Mér er nákvæmlega sama.“ Áhugi Bismarcks á velferðarmálum dvínaði hins vegar nokkuð þegar vinstri menn náðu síðar völdum á þýska sambandsþinginu.

### **Róttæk löggjöf**

Löggjöf Bismarck um almannatryggingar var þrátt fyrir allt róttæk aðgerð. Ekki síst vegna þess að fyrir gildistöku laganna var bókstaflega ekki um nein eftirlaun að ræða. Þeir sem voru svo heppnir að ná 70 ára aldri héldu einfaldlega áfram að vinna til að framfæra sér og fjölskyldu sinni, þar til þeir féllu frá. Ellilífeyririnn var ekki hár á þessum tíma. Árið 1891 var talið að hann væri um 18,2% af meðallaunum og aðeins um 16% af meðallaunum iðnaðar- og handverksmanna.

Margir halda að eftirlaunaaldurinn hjá Bismarck hafi verið miðaður við 65 ára aldursmarkið, sem er viðmið flestra lífeyriskerfa í dag, þrátt fyrir að meðalaldur hafi hækkað umtalsvert. Þessi goðsögn að Bismarck hafi miðað ellilífeyrisaldurinn við 65 ára aldur er ekki rétt. Ellilífeyrisaldurinn var settur við 70 ára aldursmarkið en þá var meðalaldur þjóðverja um 47 ár. Bismarck var þá 74 ára gamall. Það var ekki fyrr en 27 árum seinna (árið 1916) sem ellilífeyrisaldurinn var lækkaður í 65 ár, en þá hafði Bismarck verið látinn í 18 ár.

### **Stutt skref en mikilvægt**

Ljóst var að löggjöf Bismarck um almannatryggingarkerfið var ætlað að leysa ákveðin þjóðfélagsvandamál, einkum að auka öryggi þegnanna í lífsbaráttunni. Skrefið var stutt á okkar mælikvarða en risastórt miðað við þjóðfélagsgerðina í Evrópu seinni hluta nítjándu aldar. Á árunum fram að seinni heimsstyrjöld var fyrirkomulag velferðarkerfisins í mótun og var talið fullskapað í hugmyndum Bretans William Beveridge á árum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Að lokum þetta: Þessi grein er tileinkuð Otto van Bismarck. Fyrirsögn greinarinnar er fengin að láni frá Þýskalandi en í október í fyrra var haldin ráðstefna í Berlín undir heitinu „*Kærar þakkir Ottó*“. Tilefnið var að 125 ár voru þá liðin frá því að sett voru lög um almannatryggingar í Þýskalandi. Löggjöf sem fyrst og fremst er kennd við járnkanslarann og raunsæisstjórnámámanninn Otto van Bismarck.

*Höfundur er fyrrverandi framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.*

Heimildir:

Stefán Ólafsson: Framþróun velferðaríkisins, 2003.

Unnur Ágústsdóttir: MS-ritgerð í viðskiptafræðum, 2006.

Skýrsla frá Háskólanum í Bifröst, Rannsóknarsetur verslunarinnar, 2007.

Hjörtur J. Hjartar: Frjálslyndisstefnan í Þýskalandi á 19. öld, 2002.

Thanks, Otto! - 125 years of pensions – [www.youtube.com/watch?v=OvtpG4sUxZc](http://www.youtube.com/watch?v=OvtpG4sUxZc)

Otto van Bismarck - [https://is.wikipedia.org/wiki/Otto\\_von\\_Bismarck](https://is.wikipedia.org/wiki/Otto_von_Bismarck)

US Social Security - <http://www.ssa.gov/history/ottob.html>